

Ár 1980, mánudaginn 28. júlí, var í málinu nr. 4/1980 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd. svohljóðandi

Ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 29. desember 1978, var þess óskað við Fasteignamat ríkisins, að metin yrði fasteignamati 762 m² landspilda á svonefndu Hvammasvæði í Hafnarfirði. Kærandur voru fyrri eigendur spildu þessarar, Aðalsteinn Þórðarson og Þórður Þórðarson, en Hafnarfjarðarbær hafði tekið hana eignarnámi fyrir á árinu. Spildan hafði ekki áður verið metin fasteignamati. Niðurstaða úrskurðar Fasteignamats ríkisins frá 31. júlí 1979 varð sú, að fasteignamat umræddrar landspildu væri hæfilega ákveðið kr. 377.000,- og skyldi það matgilda frá 1. desember 1978.

Með bréfi, dags. 17. nóvember 1979, skaut Þórður Þórðarson ofangreindum úrskurði Fasteignamats ríkisins til Yfirfasteignamatsnefndar. Telur kærandinn fasteignamatið alltof lágt, eins og nánar er rökstutt í síðastgreindu bréfi.


Hér er aðeins til úrlausnar, hvert beri að telja rétt fasteignamat framangreindar landspildu í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1978. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér, var deiliskipulagsuppdráttur af Hvammasvæðinu samþykktur á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hinn 10. október 1978. Hinn 13. desember 1978 samþykkti skipulagsstjórn ríkisins uppdráttinn til auglýsingar og athugasemda í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Hann var síðan staðfestur í júlí 1979. Svæði þetta var skipulagt sem íbúðarsvæði og er byggð nú að rísa þar. Með hliðsjón af þessum upplýsingum og öðrum gögnum, sem fyrir liggja, telst fasteignamatsverð umrædds lands hæfilega ákveðið kr. 1.333.500,- í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1978.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Ofangreind 782 m² landspilda (Þjóðskrárn. 6950-2250), áður í eigu Aðalsteins Þórðarsonar og Þórðar Þórðarsonar, telst hæfilega metin á kr. 1.333.500,- í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1978.



Gaukur Jörundsson.


Torfi Ásgeirsson


Pétur Stefánsson